

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/652
komudagur 20.11.2012

Til nefndasviðs Alþingis.

Umsögn um Þingskjal 321 - 288. mál: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Gerð er athugasemd við tvær greinar frumvarpsins, greinar 2 og 5.

Grein 2 (breyting á 42. grein):

Mikilvægt er að skýrar komi fram hvenær bjóðandi á að upplýsa hvaða hluta samnings hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirverktaka. Eiga slíkar upplýsingar undantekningalaust að leggjast fram með tilboði allra bjóðenda, eða er nægilegt að lögstjóðandi leggi þessar upplýsingar fram eftir opnun tilboða - en áður en tilboði er tekið ?

Einnig er mikilvægt að skýrar komi fram hvenær bjóðandi eða aðalverktaki skuli leggja fram upplýsingar um hvaða undirverktaka hann hyggst nota við verkið. Misræmi er milli texta lagagreinarinnar og greinargerðar með frumvarpinu. Í greinargerðinni segir að aðalverktaki skuli upplýsa hvaða undirverktaka hann hyggst nota. Þetta er núverandi háttur mála, en í lagagreininni segir að bjóðandi skuli leggja þessar upplýsingar fram, þá líklega með tilboði, sem er nýmæli. Þessar upplýsingar liggja almennt ekki fyrir á tilboðsstigi og því er erfitt að sjá hvernig unnt er að koma því við. Lagt er til að lögstjóðanda verði gert að leggja þessar upplýsingar fram eftir opnun tilboða, en áður en tilboði er tekið.

Grein 5 (breyting á 76. grein):

Undir lið b. er fjallað um framlengingu á tilboðum. Þar segir: "Skilyrði er að fyrir liggi samþykki allra þátttakenda eða málefnalegar ástæður réttlæti framlengingu". Ef átt er við með þessari setningu að einungis sé unnt að fá framlengingu á tilboðum bjóðenda ef þeir allir (þátttakendurnir) samþykki slíka framlengingu, þá er slíkt óraunhæft og oft óframkvæmanlegt.

Ástæðan er sú að bjóðandi sem er með hátt tilboð og á engan raunhæfan möguleika á að fá samning í kjölfar útboðsins getur með höfnun sinni á framlengingu tilboðs síns útilokað lögstjóðanda í að fá samning þar sem öll tilboð eru útrunnin.

Lagt er til að skilyrðið um samþykki allra bjóðenda fyrir framlengingu tilboða verði felld út.

Virðingarfyllt,

F.h. Framkvæmdasýslu ríkisins

Óskar Valdimarsson, forstjóri

Framkvæmdasýsla ríkisins

Borgartúni 7A, 105 Reykjavík